

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Hljómfræði F1

Vorönn 2023

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M2

Hæfniprep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Áfram unnið með hljómfærslu og aðferðir Arnolds Schönbergs helst hafðar til hliðsjónar. Í upphafi er hljómfærsla í með þríhljómum í moll í brennidepli og venjur þar að lútandi. Að því búnu er farið í díatóníska sjöundarhljóma og meðferð þeirra fyrst í dúr og síðan moll. Hljómakort fyrir þríhljóma í moll eru unnin og sömuleiðis hljómakort með sjöundarhljómum í dúr og moll.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi þekki hvernig þríhljómar verða heimahljómar í molltöntegundum, hvernig þeir tengjast og mynda hljómræna framvindu, meðferð hækkaðra tóna hljómhæfs og laghæfs molls og röðun hljómannanna í hljómakort. Jafnframt þekki hann venjur varðandi díatóníska sjöundarhljóma bæði í dúr og moll þar sem meðferð sjöundarinnar er í forgrunni og uppsetningu hljómakorts með sjöundarhljómum.

#### Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að þekkja og greina díatóníska þríhljóma í molltöntegundum og byggja upp sannfærandi hljómaframvindu með því að raða þeim saman, bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Hið sama á við bæði í dúr- og molltöntegundum þar sem sjöundarhljómar koma fyrir. Hann skal hafa öðlast færni í að skipa þeim í hljómakort og virkja hentuga rödd fyrir hverja hljómnótu í hljómfærslu.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í einföldum raddskráum með þríhljómum í molltöntegundum og einnig þar sem sjöundarhljómar koma fyrir bæði í dúr- og molltöntegundum. Einnig telst nemandi nú vel hæfur og til að hefja nám í hljómfærslu með krómatískum hljómum.

### Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni og próf		100 %

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (2. – 6. jan 2023)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Þríhljómar í moll grunnstöðu, röðun þeirra sem heimahljóma í hinum ýmsu dúrtóntegundum og hljómakort með þeim.	
2. vika (9. – 13. jan. 2023)	Hljómakort þríhljóma í molltóntegundum	
3. vika (16. – 20. jan 2023)	Hljómgreining þríhljóma í molltóntegundum	
4. vika (23. – 23. jan 2023)	Hljómaraðir þríhljóma í molltóntegundum	
5. vika (30. jan – 3. feb 2023)	Hljómaraðir þríhljóma í moll unnar áfram og hljómakort ríjuð upp.	
6. vika (6. – 10. feb 2023)	Sjöundarhljómar dúrs kynntir til sögunnar og meðferð sjöunda	
7. vika (13. – 17. feb 2023)	Unnið með hljómakort sjöundarhljóma dúrs	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

8. vika (20. – 24. feb 2023)	Sjöundarhljómar dúrs í grunnstöðu í hljómaröðum	
9. vika (27. feb. – 3. mars '23)	Sjöundarhljómar dúrs í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
10. vika (6. – 10. mars 2023)	Sjöundarhljómar dúrs í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
11. vika (13. – 17. mars 2023)	Sjöundarhljómar molls kynntir til sögunnar og meðferð hækkaðra tóna og sjöunda	
12. vika (20. – 24. mars 2023)	Hljómakort sjöundarhljóma molls	
13. vika (27. – 31. mars 2023 )	Sjöundarhljómar molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
15. vika (3. – 7. apríl 2023)	Páskafrí	
16. vika (11. – 14. apríl 2023)	Sjöundarhljómar molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

17. vika (17. – 21. apríl 2023)	Enn unnið með söundarhljóma molls í í grunnstöðu og hljómhvörfum í hljómaröðum	
18. vika (24. – 28. apríl 2023)	Yfirlit yfir námsefni vetrarins, sýnispróf skoðað	
19. vika (2. – 5. maí 2021)	Lokapróf úr námsefninu sem farið hefur verið í	Próf